

Nr. 081 / 11 Magni**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. óskráður
Smíðaður: Noregi plast
Stærð: brl. bt.
Mesta lengd: 5 m Skráð lengd:
Breidd: 2 m Dýpt:
Vél: Suzuky utanborðsvél 44 kW
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:

Gögn RNS

©

Málið afgreitt á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 13. júní 2011 var skemmtibáturinn Magni á sjóstangaveiðum suður af Kjalarnesi. Veður: Logn.

Þegar færi var kastað útbyrðis húkkaðist öngullinn í lykkju sem hékk í svisslyklinum og tók með sér fyrir borð. Bátsverjarnir óskuðu eftir aðstoð þar sem þeir töldu sér ekki ekki fært að gangsetja vélina og einnig var stutt í fjöruna. Björgunarbáturinn Kjölur tók Magna í tog áleiðis til hafnar í Bryggjuhverfi en björgunarbáturinn Halla Jónsdóttir tók svo við drættinum til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að til að gangsetja vélina án þess að hafa ræsilykilinn þarf verulega kunnáttu á rafbúnaði og öryggisbúnaði vélarinnar.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.